

# *Pingeyjarsveit er fjölskylduvænt samfélag...*

*Forvarnastefna Pingeyjarsveitar*



Stefna þessi ásamt fyrstu skrefum til að koma henni í framkvæmd var samþykkt á fundi sveitarstjórnar 27 apríl 2006.

Unnið af  
Rósu Ösp Ásgeirsdóttur  
og Anitu Karin Guttesen  
apríl 2006.



## Inngangur að forvarnarstefnu Þingeyjarsveitar

Á haustdögum árið 2004 skipaði sveitarstjórn Þingeyjarsveitar nefnd til að vinna að stefnumótun í forvarnarmálum sveitarfélagsins. Ákveðið var að taka þjónustutilboði “*Vertu til*” verkefnisins sem Samband íslenskra sveitarfélaga kom á fót. Markmið verkefnisins var að; vímuvarnir verði viðurkenndur málaflokkur í sveitarfélögum landsins og sveitarfélög móti forvarnarstefnu sem byggji á breiðum grunni.

Stefna sú sem hér fer á eftir er unnin upp úr stefnumótunarskýrslu vinnuhópsins sem skilaði af sér í janúar 2006: *Stefnumótun í forvarnarmálum fyrir Húsavíkurbæ og Þingeyjarsveit, afurðir þriggja vinnufunda 2005. Skýrsla frá Vertu til.*

Nefndina skipuðu: Jóhann Guðni Reynisson sveitarstjóri, Rósa Ösp Ásgeirsdóttir hjúkrunarfræðingur frá félagsmálanefnd, Anita Karin Guttesen kennari frá æskulýðs- og íþróttanefnd og Magnús Skarphéðinsson frá skólabúðunum Kiðagili.

Stefnumótunarskýrslan var send öllum hagsmunaaðilum í Þingeyjarsveit til umfjöllunar og athugasemdir þeirra hafðar til hliðsjónar við stefnumótunina. Auk þess var haldinn opinn kynningarfundur í mars 2006.

Við lestur skýrslunnar skal höfð í huga aldursskiptingin; börn 6-12 ára; unglingar 13-15 ára og ungmenni 16-18 ára

Gerð forvarnarstefnu er ekki komin til vegna sérstakra vandamála í sveitarfélaginu sem þurfa úrlausnar við, heldur til að koma í veg fyrir að þau komi upp og hafa tiltæk viðbrögð ef vanda ber að höndum.

Engar kannanir liggja til grundvallar stefnunnar, hvorki á líðan, félagslegri virkni eða vímuefnanotkun barna, unglinga og ungmenna. Því er ekki hægt að byggja á öðru en tilfinningu manna um stöðu mála.

Forvarnarstefna Þingeyjarsveitar er í fimm liðum. Kynnt er aðgerðaráætlun fyrir hvern lið í stefnuni. Þar á eftir eru tillögur um fyrstu skrefin til að koma stefnuni í framkvæmd og útskýringar á nokkrum hugtökum. Aftast í kaflanum *Fyrstu skrefin* eru nánari útskýringar á “vímuvaktinni” og “hringnum” sem er vísun í alla hagsmunaaðila í forvörnum í Þingeyjarsveit

Rétt er að geta þess að forvarnarstefnan miðast vissulega við börnin og unglingana okkar, 6-16 ára, en öll erum við ábyrgðaraðilar þessa hóps sem forráðamenn og fyrirmyndir. Þess vegna þarf að styðja við og styrkja alla til heilbrigðra lífnaðarháttá, unga sem aldna.

“Það þarf heilt samfélag til að ala upp barn”. Andleg og líkamleg líðan þeirra sem eldri eru, sem og þeirra sem yngri eru, er forsenda virkra forvarna.

Í sveitarfélaginu eru mörg skólastig (leikskólar, grunnskólar, tónlistarskólar og framhaldsskóli). Þar sem Framhaldsskólinn á Laugum er ekki á forræði sveitarfélagsins fellur hann ekki undir stefnuna. Við teljum það mikilvægan styrk við forvarnarstefnuna ef skólinn verður í samstarfi við sveitarfélagið um virkar forvarnir. Leita verður eftir samstarfi um forvarnarmál við skólayfirvöld framhaldsskólans. Í því fellst styrkur samfélagsins að allir vinni undir sömu stefnuni og setji sér jafnframt sína eigin stefnu út frá henni.

Laugum 1. apríl 2006.  
Anita Karin Guttesen.  
Rósa Ösp Ásgeirsdóttir.

## **Stefna Þingeyjarsveitar í forvarnarmálum til ársins 2010.**

1. Þingeyjarsveit er fjölskylduvænt samfélag þar sem forvarnir eru sýnilegar og virkar.
2. Þingeyjarsveit eflir og styrkir íbúana í hlutverki sínu sem fyrirmyndir.
3. Þingeyjarsveit eflir samstarf og samheldni íbúanna í forvörnum.
4. Þingeyjarsveit eflir upplýsingagjöf og samstarf þeirra félaga/stofnana sem fara með málefni barna og unglunga í sveitarfélaginu.
5. Þingeyjarsveit styður við og styrkir sjálfsmynd barna og unglunga þannig að þeim líði vel í hverju því hlutverki sem þau taka sér fyrir hendur

Stefnu þessa skal endurskoða og uppfæra af samráðshópi og verkefnastjóra á hverju hausti.

## **Stefna og aðgerðaráætlun Þingeyjarsveitar í forvarnarmálum til 2010.**

### **1. Þingeyjarsveit er fjölskylduvænt samfélag þar sem forvarnir eru sýnilegar og virkar.**

#### **Aðgerðaráætlun:**

- Forvarnarstefna samþykkt og sýnileg á heimasíðu og í svæðismiðlum.
- Ráða verkefnastjóra í 20% starf.
- Grunnskólarnir þrír sem sinna börnum úr Þingeyjarsveit sem og ungmennafélögin í sveitarfélaginu, vinnuskólinn, félagsmiðstöðin og skólabúðirnar móti eigin forvarnarstefnu, kynni hana í sínum hóp. Verkefnisstjóri stýri og leiðbeini með gerð forvarnarstefnu.
- Á hverju hausti tilnefni hagsmunaaðilar (hringurinn) fulltrúa sinn í samráðshóp sveitarfélagsins og tilkynni það til verkefnastjóra.
- Samráðshópur hittist að minnsta kosti tvisvar á ári og móti áhersluatriði í forvörnum fyrir komandi vetur.
- Hvetja til vitundarvakningar með ábendingum til dæmis; munið hjálmana, virðið útivistartímann ofl.
  - Límmiðum um bílbeltanotkun,
  - Póstkortum eða bókamerkjum með “áróðri”
  - Sms skilaboð til þeirra sem óska með jákvæðum stuðningi.
  - Smáskilaboðum í svæðismiðlum
- Sveitarstjórn hvetur ungmennafélögin á svæðinu til aukinnar samvinnu sín á milli með skipulagningu í huga.

### **2. Þingeyjarsveit eflir og styrkir íbúana í hlutverki sínu sem fyrirmyndir.**

#### **Aðgerðaráætlun:**

- Almenn vakning um stöðu fólks sem fyrirmyndir.
  - Upplýsingamiðlun/ fræðsla/ ritsmiðja
  - Koma á fót ánægjuvög unga fólksins.
    - Meta stöðuna eftir niðurstöðum ánægjuvogarinnar.
    - Móta stefnu næsta vetrar.
    - Athuga með sveigjanlegar spurningar eftir því sem við á..
- Hvetja hagsmunaaðila til að standa fyrir foreldrafræðslu/ kynningum fyrir foreldra að minnsta kosti tvisvar á ári.
- Staðið verði fyrir námskeiði í “foreldraleikjum” og mælst til að mánaðarlega verði “leikjatími” fyrir fjölskyldur til skiptis austan og vestan heiðar. Ábyrgðin verði í höndum foreldrafélaga grunnskólanna á hvorum stað.
  - Verkefnastjóri sjái um að koma þessu verkefni af stað.

### 3. Þingeyjarsveit eflir samheldni íbúanna í forvörnum.

#### Aðgerðaráætlun:

- Ritsmiðja.
  - Kynna stefnuna vel.
  - Fræðsla um fyrirmyndarhlutverkið.
- Virk umræða um forvarnarmál.
- Vitunarvakning um andfélagslega hegðun.
  - Náungakærleikur, samþykkingum ekki með þögninni.
  - Veist þú um barn í vanda?
- Hvetja til samstöðu foreldra til dæmis með samningum um; útvistarreglur, samkomur og dansleikjahald, eftirlitslausum “partýum” og þess háttar.
- Hvetja til meiri virkni skóladagatala, aukinn fyrirvari á fræðslu og samkomum og betra skipulag á tilkynningum.

### 4. Þingeyjarsveit eflir upplýsingahlutverk og samstarf þeirra félaga / stofnana sem fara með málefni barna og unglinga.

#### Aðgerðaráætlun:

- Verkefnisstjóri stýri og leiðbeini við gerð forvarnarstefnu:
  - Allir grunnskólar sem hafa börn úr Þingeyjarsveit setji sér eigin forvarnarstefnu, kynni hana fyrir markhóp sínum og sendi til verkefnastjóra.
  - Öll ungmennafélög í Þingeyjarsveit setji sér eigin forvarnarstefnu og kynni fyrir markhóp sínum og sendi til verkefnastjóra.
  - Vinnuskóli, félagsmiðstöð og skólabúðir setji sér forvarnarstefnu, kynni hana fyrir sínum markhóp og sendi til verkefnastjóra.
- Komið verði á fót “vímuvaktinni”, sjá fyrstu skrefin um “vímuvaktina”. Skólar, skólabúðir, vinnuskóli og íþróttafélög sameinist um viðbrögð, komi upp notkun vímuefna.
- Hagsmunaaðilar aðstoði við smíði “ánægjuvogarinnar” og framkvæmd hennar.
- Leitast verði við að hafa skóladag og tómsundur barna sem samfelldastan.
- Leitast við að efla samstarf við önnur sveitarfélög i forvarnarmálum í þeirri von að;
  - Forvarnir nái yfir breiðara svæði.
  - Geta aukið framboð afþreyingar með auknum samskiptum.
  - Auglýsa starf okkar til annarra sveita sem skilar sér í jákvæðri umfjöllun um sveitarfélagið.

## 5. Þingeyjarsveit styður við og styrkir sjálfsmynd barna og unglinga þannig að þeim líði vel í hverju því hlutverki sem þau taka sér fyrir hendur.

### Aðgerðaráætlun:

- Ánægjuvuginni verði komið á og niðurstöður hennar notaðar til að móta stefnu næsta árs.
- Leitast verði við að greina eins fljótt og auðið er “frávíkshæðun” og finna úrræði fyrir þær fjölskyldur (snemmtæk íhlutun).
- Samfélagið verði meðvitað um ólíkar þarfir einstaklinga og leitist við að koma til móts við þær.
- Hagsmunaaðilar séu virkir í starfi sínu, með opinni upplýstri umræðu um fjölbreytileika einstaklinga.
- Sveitastjórn tryggi rekstur félagsmiðstöðvar.
  - Að forvarnir séu undirliggjandi í starfi félagsmiðstöðvarinnar.
  - Að félagsmiðstöðin hafi skýr markmið í starfi sínu.
- Haldin verði “sveitarstjórn unga fólksins” að minnsta kosti tvisvar á kjörtímabilinu.
  - Þar fengju unglingar að koma skoðunum sínum á framfæri við þá sem eldri eru.
- Opna möguleika á vinahópum óháð aldri – þannig geti einstaklingar fundið nýja styrkleika utan venjulegs hóps/ bekkjar-, eykur sjálfstraust að bera ábyrgð og vera fyrirmynd.
- Leitast við að efla samstarf ungs fólks við eldri borgara.
- Bent skal á ábyrgð allra þeirra sem starfa með ungu fólki.
- Vinnuskólinn sé meira en bara “vinna”.
  - Sköpun / samheldni / efling félagstengsla.
  - Flokkstjórar vinni að forvörnum í samvinnu við verkefnisstjóra.

## **Fyrstu skrefin til að koma forvarnarstefnunni af stað.**

Hér fara á eftir nokkur atriði sem við teljum nauðsynlegt að framkvæma sem fyrst til að koma framkvæmd stefnunnar af stað. Auk þess er aftast að finna útskýringar á hugtökunum: ritsmiðja, ánægjuvogin, samráðshópur, vímuvaktin og hagsmunahringurinn.

### **Fyrstu skref.**

Skipaður verði **verkefnastjóri** sem verði starfsmaður sveitarfélagsins og þiggi laun frá sveitarsjóði. Starfshlutfall verði 20% og reikna má með ferðakostnaði, kostnaði við auglýsingar og birtingu greina sem og póstburðargjalda við dreifingu efnis t.d til foreldra eða barna. Auk þess sem samráðshópur fái nefndarlaun.

Verkefnastjóri er utan fastra nefnda í sveitarfélaginu en hefur málfrelsi og tillögurétt í þeim nefndum sem fjalla um málefni barna og unglinga (félagsmálanefnd, fræðslunefnd, og æskulýðs- og íþróttanefnd) þegar við á.

### **Tilgangur verkefnastjóra:**

Er að halda utan um forvarnarmál og halda starfinu virku og sýnilegu.

#### **Verkefni:**

- Leiðbeini og stýri forvarnarstefnugerð hagsmunaaðila. Hvati féлага og stofnana til að skoða sitt starf og hvað þau standa fyrir er grunnur að virkri-forvarnarstefnu þó verkefnastjóri leiðbeini við vinnuferlið.
- Kallar hagsmunaaðila (hringurinn) saman til funda að minnsta kosti tvisvar á ári.
- Mótar áherslur fyrir starf vetrarins í samvinnu við hagsmunaaðila.
- Heldur utan um ritsmiðju og stýrir flæði þaðan.
- Heldur utan um viðburði/upplýsingar og endurvarpar í hring hagsmunaaðila.
- Er tengiliður sveitarfélagsins við önnur sveitarfélög, jákvætt að kynna það sem vel er gert í forvörnum og læra af öðrum.
- Sækir fundi í nágrennasveitafélögum um áherslur í forvarnarmálum og annað það sem upp kemur.
- Skipuleggur forvarnarhlutverk vinnuskólans og stýrir flokkstjórum við framkvæmd þeirra.



## Útskýringar á hugtökum.

### 1.

**Ritsmiðja** er nokkuð sem hugsað er sem “upplýsingaveita” til íbúanna. Þar munu hagsmunaaðilar skiptast á um að skrifa greinar eða smá skilaboð sem birt er á heimasíðu og /eða í svæðismiðli, allt að fjórum til sex sinnum á ári. Þessar greinar eru á ábyrgð þeirra sem þær skrifa en verkefnastjóri aflar þeirra og ýtir á birtingu þeirra. Hann hafi einnig leyfi til að geyma greinarnar hjá sér og grípa til þeirra ef þurfa þykir. Kostnaður fellur á þann hagsmunaaðila sem hana skrifar.

Hugmynd af gátlista fyrir ritsmiðju.

- Skólarnir hver um sig.
- Heilsugæslan.
- Félagspjónustan bæði svæði.
- Lögreglan.
- Prestar.
- Ungmennafélögin, hvert um sig / stjórn eða þjálfarar.
- Foreldrar.
- Verkefnisstjórnin.
- Foreldrafélög og foreldraráð.

### 2.

**Ánægjuvogin** er mikilvægt tæki til að meta stöðu forvarna í sveitarfélaginu. Ánægjuvogin er spurningakönnun sem tæki á líðan og virkni, auk þess að spyrja um vímuefnanotkun. Samráðshópur metur í hvaða aldurshóp ánægjuvogin er lögð fyrir hverju sinni.

Þetta er vandmeðfarið þar sem í fámenni er auðvelt að greina úr svörum auk þess sem tilkynna þarf til persónuverndar kannanir sem fela í sér spurningar um aldur og kyn.

Þetta þarf góðrar ígrundunar við en hugsa má að þessar kannanir væru trúnaðarmál hagsmunahópsins sem vinnur að forvarnarmálum, en gert með samþykki foreldra.

### 3.

Skipaður verði **samráðshópur** hagsmunaaðila (hringurinn) um forvarnir í Þingeyjarsveit. Verkefnastjóri forvarna er formaður hópsins, sér um að kalla hópinn saman og stýrir fundum sem haldnir skulu haust og vor og oftast ef þurfa þykir. Gæta þarf þess að boða fundi tímalega til að ná til flestra þar sem hópurinn er stór. Hópurinn þiggur laun samkvæmt nefndalaunum sveitarfélagsins, nemendur fá laun samkvæmt vinnuskólalaunum.

## Sveitarstjórn skipar samráðshóp eftir tilnefningu hagsmunaaðila.

### Verkefnastjóri er formaður hópsins.

**Skólarnir:** starfsfólk Litlulaugaskóla, Stórutjarnaskóla og Hafralækjarskóla einn aðila hver skóli.

**Nemendur** þessara skóla einn fulltrúa hver.

**Foreldrar** Foreldrafélög skipi á hverju hausti fulltrúa sinn í samráðshóp, einn frá hverjum skóla.

**Ungmennafélögin** í Þingeyjarsveit einn fulltrúa hvert félag.

**Fulltrúar** frá; félagsmálanefnd, fræðslunefnd og æskulýðs-og íþróttanefnd einn fulltrúi hver.

Leita skal eftir **samvinnu** við **stoðþjónustu** sem þjónustar sveitarfélagið og mælst er til að þau sæki að minnsta kosti einn fund á ári. Þeirra laun séu borguð af viðkomandi “stofnun”.  
Grenjaðarstaðarsókn og Ljósavatnssókn einn fulltrúa hvor sókn.  
Lögreglan einn fulltrúa.  
Heilsugæslan Húsavík og Akureyri einn fulltrúa hver.  
Félags- og skólaþjónustur Húsavík og Akureyri einn fulltrúa hver.

#### 4.

**Vímuvaktin**, er einskunar neyðaráætlun verði unglingur undir 18 ára aldri uppvís af því að reykja, drekka eða nota önnur fíkniefni. Áætlun sem væri samræmd milli skóla, félagsmiðstöðva, vinnuskóla og íþróttafélaga um hvernig skulið tekið á málum, hvernir verði brugðist við og hvaða fræðsluefni sé dreift, þannig að allir börn og fullorðnir viti á hverju sé von og allt samfélagið taki eins á málum.

#### 5.

##### **Hagsmunahringurinn,**

Þeir hagsmumaaðilar sem koma að uppeldi barna og unglunga í sveitarfélaginu og geta flokkast sem ágyrðaraðilar.

